



Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfoss

Reykjavík, 4. október 2020.

Efni: Frjálsíþróttaaðstaða, nýframkvæmdir og viðhald eldri mannvirkja – Þjóðarleikvangur

Um leið og Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) þakkar sveitarfélaginu stuðning og velvilja í garð íþróttabandsmannafrjálsíþróttavill FRÍ senda hvatningu til handa sveitarfélaginu er varðar áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á íþróttamannvirkjum og minna á mikilvægi þess. Að í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022 og rammafjárhagsáætlun næstu ára, sé gert ráð fyrir að fyrirliggjandi keppnis- og æfingaaðstæður fyrir frjálsíþróttir verði alltaf fullnægjandi. Jafnt sem hugað sé að nýframkvæmdum í fjármálaáætlun næstu ára s.s. með undirbúningi, áætlunargerð, skipulagsgerð og annarri fjárfestingar- og þróunarvinnu.

Þá vill FRÍ benda á að starfshópur sem mennta- og menningarmálaráðherra setti á laggirnar um þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir hefur skilað niðurstöðu. Áhugi sveitarfélaga á verkefninu sbr. erindi FRÍ til sveitarfélaganna á sl. ári dags. 1. 12.2020 var óverulegur, en Reykjavíkurborg eitt sveitarfélag, lagði inn fjölmargar ábendingar og áherslur. Starfshópurinn lagði til að ef þjóðarleikvangur í knattspyrnu verður áfram á Laugardalsvelli þá sé framtíð best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Mannvirki sem mun tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Þjóðarleikvangur á þessum stað myndi verða vel nýttur af ýmsum aðilum. Fyrst er að telja alþjóðlegt keppnishald og stærri mót á vegum FRÍ og ÍF, æfingar afreksmanna, æfingar barna-, unglunga og annarra í hverfisfélögum í Reykjavík en einnig sem möguleg aðstaða fyrir afreksíþróttamiðstöð í Laugardalnum, auk rannsóknar, þjálfunar og kennslu í skólum.

Það er von FRÍ að þrátt fyrir þessa niðurstöðu starfshóps um þjóðarleikvang að sveitarfélagið, héraðssambönd, íþróttabandalög og aðildarfélög FRÍ haldi áfram á sínu heimasvæði að huga að uppbyggingu mannvirkja, hverju sinni, sem geti nýst samfélaginu öllu við æfingar og keppni en einnig í öðrum lýðheilsuverkefnum íbúa. Á sama hátt að sveitarfélagið og íþróttasamband Íslands geti í sameiningu tekið á móti vaxandi fjölda frjálsíþróttafólks frá öllum landshlutum vegna mótahalds.

Stuðningur sveitarfélagsins við íþróttastarfsemi, hér eftir sem hingað til, er mikilvægur enda er gildi íþróttanna einn af meginstöðum sterks samfélags.

Með samstarfskveðju

Freyr Ólafsson

form. Frjálsíþróttasambands Íslands